



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málshæiti og nr.	DMR24060044 Breytingar á lögum um meðferð sakamála o.fl. (endurheimt ávinnings, netbrot o.fl. breytingar vegna alþjóðasamninga)
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti/Skrifstofa almanna- og réttaröryggis
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	10.6.2024

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Til úrlausnar er að breyta viðeigandi löggjöf vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengið og varða endurheimt ávinnings afbrota, sbr. a-lið og netglæpi o.fl., sbr. b-lið. Samantekið er um að ræða breytingar á sviði sakamálaréttarfars að því er varðar rannsóknarheimildir lögreglu við öflun gagna og heimildir til haldlagningar og kyrrsetninga. Hins vegar á sviði refsilaga að því er varðar upptökuákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk breytinga á refsilögum um netglæpi. Verður nú gerð grein forsögu og tilefni fyrirhugaðra breytinga.

a. Breytt tilmæli FATF um endurheimt ávinnings

Árið 1991 undirgækkst Ísland alþjóðlegar skuldbindingar um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka með aðild sinni að alþjóðlega fjármálaaðgerðahópnum FATF (e. Financial Action Task Force). Í því fólst skuldbinding um að samræma löggjöf og reglur hér á landi að tilmælum FATF, sem eru 40 talsins. Af hálfu FATF eru framkvæmdar úttektir á því hvernig aðildarríkjum hefur tekist til við að innleiða tilmælin og efla að öðru leyti varnir sínar þegar kemur að peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun og útbreiðslu geryðingarvopna. Tilmæli FATF og starf hins alþjóðlega fjármálaaðgerðarhóps hafa verið leiðandi á heimsvísu og hafa tilskipanir Evrópusambandsins í málaflokknum, sem íslensk löggjöf byggir að meginstefnu á, verið í samræmi við tilmælin. Í október 2023 var tilmælum FATF er tengjast endurheimt ávinnings af afbrotum breytt. Í stuttu máli fela breytingarnar í sér breytingu á tilmælum FATF nr. 4 um haldlagningu, kyrrsetningu, frýstingu og upptöku ávinnings og tilmælum nr. 38 um gagnkvæma réttaraðstoð, auk tilmæla nr. 30 og 31 varðandi skyldur og heimildir löggæslustofnana og rannsóknaraðila. Þá er lögð áhersla á að til staðar sé stjórnvald sem hafi það hlutverk að endurheimta ólögmatan ávinning með skilvirkum hætti (e. asset recovery office). Breytt tilmæli hafa þegar tekið gildi og verða til grundvallar í fimmtu úttekt FATF, þ.e. hvernig innleiðing þeirra hefur farið fram. Ráðgert er að úttektin hefjist á Íslandi í upphafi ársins 2025 og af þeim sökum er mikilvægt að skilvirk vinna hefjist við innleiðingu þeirra sem allra fyrst. Framangreindar breytingar kalla m.a. á endurskoðun á upptökuákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heimildum lögreglu til haldlagningar og kyrrsetningar samkvæmt ákvæðum sakamálalaga nr. 88/2008 auk endurskoðunar á ákvæðum lögreglulaga nr. 90/1996 í tengslum við stofnanaumgjörð við umsýslu og utanumhald á ávinningi við meðferð sakamáls og í kjölfar upptöku skv. dómi.

b. Þróun Tölvubrotasamnings Evrópuráðsins frá 2001 (e. Convention on Cybercrime)

Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu 7. mars 1950. Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot, oft nefndur Búdapestsamningurinn, er frá 23. nóvember 2001 og var undirritaður af Íslands hálfu sama ár. Um er að ræða eina alþjóðasamninginn sem fjallar um glæpi framda á internetinu eða um önnur tölvunet. Er þar sérstaklega fjallað um brot er varða höfundarétt, fölsun og svik, barnaníð og brot gegn öryggi tölvukerfa, tölvuneta og tölvugagna. Samningurinn var svo fullgiltur af Íslands hálfu 29. janúar 2007 í kjölfar gildistöku laga nr. 74/2006 um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti, sem ætlað var að koma til móts við þær skuldbindingar sem samningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar. Refsiákvæði um tölvubrot litu þó dagsins ljós nokkru fyrir eða undir lok 20. aldar með lögum nr. 30/1998 um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Hugtakið tölvubrot hefur ekki verið skilgreint fræðilega í íslenskum refsirétti. Er hugtakið notað sem samheiti yfir ýmsa ólögmeta háttsemi sem framin er með því að nota tölvu, eða sem beinist að tölvum, hugbúnaði (forritum) eða gögnum og upplýsingum sem varðveittar eru í tölvum eða á tölvutæku formi. Á þessum þremur áratugum hafa orðið miklar samfélagslegar breytingar og tækniþróun verið ör. Hafa þannig tvær viðbótarbókanir verið gerðar við Búdapestsamninginn og samhliða reglulega verið gerðar breytingar á landslöggjöf hér á landi til að halda í við þá þróun. Fyrsta viðbótarbókun við samninginn frá 28. janúar 2003, þar sem gerðir eru refsinaemir verknaðir sem lýsa kynþátta- og útlendingahatri með hagnýtingu tölvukerfa, var undirrituð af Íslands hálfu sama ár. Hófst fullgildingarferli vegna hennar árið 2013 með breytingum á viðeigandi ákvæðum almennra hegningarlaga. Önnur viðbótarbókun við samninginn frá 12. maí 2022, um aukið samstarf og upplýsingagjöf fyrir rafræn sönnunargögn, var svo undirrituð af Íslands hálfu sama ár. Bókunin er til komin í ljósi aukinnar útbreiðslu netglæpa samhliða vaxandi notkun upplýsinga- og samskiptatækni.

Yfirvöld á Íslandi hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og nýjum brotategundum í sífellt flóknara tæknihverfi, hvort sem þau eru til meðferðar innan refsilögsögu Íslands eða annarra ríkja. Í öðrum þætti Búdapestsamningsins um réttarfarsreglur er m.a. fjallað um leit í geymdum tölvugögnum og haldlagningu þeirra (e. search and seizure of stored computer data) og um hlerun á innihaldi gagna (e. interception of content data). Við innleiðingu ákvæða samningsins í íslenskan rétt og svo gildistöku laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála var tekið mið af þessum áskilnaði samningsins. Allt frá árinu 2016 hafa dómstólar þó talið þörf á að afla sé dómsúrskurðar við leit í haldlögðum raftækjum, sem fram til þess tíma hafði ekki verið talin þörf, á grundvelli löggjöfnunar við önnur ákvæði sömu laga. Áformað er því að taka til fullrar endurskoðunar þau ákvæði sem annar þáttur samningsins varðar. Þörf er á breytingum á viðeigandi ákvæðum sakamálalaga um öflun sönnunargagna með rafrænum hætti eða á rafrænu formi (e. search and seizure of stored computer data) í takt við þá tækniþróun sem orðið hefur. Að sama skapi eru þau ákvæði almennra hegningarlaga sem fjalla um netbrot komin til ára sinna og þurfa endurskoðunar við, m.a. í ljósi þess að gerð er krafa um auðgunarásetning vegna ákveðinna brota, til dæmis tölvuinnbrot, sem felst m.a. í þeirri háttsemi að fara ólöglega inn í tölvukerfi (að hakka). Ekkert ákvæði almennra hegningarlaga nær utan um slíka háttsemi ef það er ekki í auðgunarskyni, þrátt fyrir að aðrar hvatir geti legið að baki slíkum brotum. Að sama skapi eru ekki til staðar ákvæði sem fjalla um misnotkun tölvubúnaðar með beinum hætti.

Nánar er gerð grein fyrir þeim atriðum sem áformað er að komi til skoðunar við lagasetninguna í næsta kafla.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir, nánar tiltekið kröfur FATF í tengslum við endurheimt ávinnings (e. asset recovery), og tölvubrotasamninginn. Til þess að ná þeim markmiðum verða lagðar til breytingar á lögreglugögum nr. 90/1996, lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála og almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Lögreglugög nr. 90/1996

Til skoðunar eru breytingar á 8. gr. lögregluglaga til að skýra hlutverk héraðssaksóknara í tengslum við vinnu við endurheimt ávinnings á landsvísu, sem gert er ráð fyrir að embættið sinni, sbr. 4. mgr. 8. gr. laganna. Lagðar verða til breytingar á þessu ákvæði til að skerpa enn frekar á þessu hlutverki héraðssaksóknara og skilgreina það betur í samræmi við tilmæli FATF.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008

Í *fyrsta lagi* er áformað að efla úrræði lögreglu til öflunar fjármálaupplýsinga í þágu rannsóknar sakamáls með þeim hætti að fjármálafyrirtækjum verði skylt að verða við kröfu lögreglu um upplýsingar eða gögn þrátt fyrir þagnarskyldu. Tilefni þessa má rekja til úttektar FATF á vörnum Íslands gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem fram fór á árinu 2017. Í þeirri vinnu kom m.a. fram gagnrýni af hálfu úttektaraðila á að ávallt þyrfti að afla heimildar dómstóla fyrir öflun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum, sem gæti haft í för með sér tafir á rannsóknum. Áformað er að leiða slíka skyldu í lög með ákveðnum skilyrðum, t.a.m. við rannsókn ákveðinna brota með alvarleikaviðmiði, sem þá þurfi að varða fangelsisrefsingu, auk þess að öflun fjármálaupplýsinga í þágu rannsóknar sé nauðsynleg. Annars staðar á Norðurlöndum er þetta úrræði til staðar, t.d. í Svíþjóð og Finnlandi.

Í *öðru lagi* er áformað að breyta ákvæðum XI. kafla laganna sem mæla fyrir um heimild lögreglu til haldlagningar og málsmeðferð þar að lútandi. Í 68. gr. sml. kemur fram að lagt skuli hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla megi að munirnir ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma hafi sönnunargildi í sakamáli, hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða kunni að verða gerðir upptækir með dómi. Áformaðar breytingar eru annars vegar nýtt ákvæði sem fjallar um skilyrði til haldlagningar og leitar í rafrænum gögnum á munum og í gagnavörsluskýjum t.d. Hins vegar er áformað að rýmka inntak og gildissvið 68. gr. með þeim hætti að heimilt verði að leggja hald á muni til að tryggja greiðslu sektar og sakarkostnaðar, eins og nú er heimilt með því að beita kyrrsetningu. Miðað við reynslu lögreglu og ákærvalds er haldlagning fjármuna tryggari ráðstöfun og skilvirkari en kyrrsetning. Eru fjármunir því almennt haldlagðir og varslaðir á bankareikningum sem héraðssaksóknari eða lögreglustjórar stofna í þeim tilgangi. Þá auðveldar haldlagning yfirvöldum að hafa yfirsýn yfir haldlagða fjármuni í hverju máli, ólíkt því sem kann að vera þegar kyrrsetningu er beitt. Jafnframt hefur verið nefnt að vandkvæði geti myndast þegar beita þarf báðum úrræðum í tengslum við sama andlag. Sem dæmi getur lögregla þurft að krefjast kyrrsetningar á þegar haldlögðum fjármunum ef til stendur að tryggja greiðslu sektar ellegar sakarkostnaðar. Þetta hefur verið raunin í tilvikum þar sem brot varðar bæði fangelsisrefsingu og fésektarrefsingu, til að mynda skattalagabrot. Að sama skapi hefur komið í ljós að framkvæmd kyrrsetningar í þessum tilvikum getur verið flókin, t.a.m. ef kyrrsetning beinist að hluta af innistæðu.

Í *þriðja lagi* er áformað að breyta ákvæði 88. gr. sml. um kyrrsetningu ásamt viðeigandi ákvæðum laga á sviði fullnusturéttarfars, til að tryggja réttindi ríkisins sem beiðanda kyrrsetningar. Í 88. gr. sml. kemur fram að lögregla geti krafist kyrrsetningar hjá sakborningi til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, sem aflað hefur verið með broti ef hætta þygi á að eignum verði skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Kyrrsetningu er iðulega beitt til að tryggja verðmæti sakbornings í fasteign, ökutækjum og öðrum eignum sem erfitt er að haldleggja. Eru dæmi um að sakborningar reyni að komast undan kyrrsetningu með því að vísa á kyrrsettar eignir til fullnustu annarra krafna, t.a.m. á grundvelli handhafaskuldabréfa, eða með því að hætta að greiða af kröfum sem standa framar í veðröð til

að knýja fram nauðungasölu. Í framkvæmd hafa komið upp þónokkur dæmi þess að kaupendur uppboðseigna af þessu tagi séu nátengdir sakborningum. Ef hærra verð fæst fyrir eign en nemur áhvílandi skuldum getur lögreglan réttilega reynt að haldleggja mismuninn en slíkar aðstæður eru fátíðar. Að óbreyttu þjónar kyrrsetningarúrræði 88. gr. laganna ekki þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir að eignum verði skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Er áformað að leggja til breytingar sem styrkja réttaráhrif kyrrsetningar sem tryggingarráðstöfunar og gera ríkinu fært að verja réttindi sín, þannig að ekki sé unnt að benda á kyrrsettar eignir til tryggingar öðrum kröfum né að unnt verði að selja eignir nauðungarsölu á meðan kyrrsetning á grundvelli 88. gr. sml. er í gildi.

Í fjórða lagi er áformað að gera breytingar á sakamálalögum við leit og haldlagningu gagna geymdum á tölvum og gagnahlustun. Líkt og fyrr segir er áformað að meta hvort gera þurfi breytingar á ákvæðum sakamálalaga til að þau samræmist að fullu öðrum þætti tölvubrotasamningsins um réttarfar, nánar tiltekið 14.-21. gr. samningsins. Til að mynda fjallar 19. gr. samningsins um leit í geymdum tölvugögnum og haldlagningu þeirra (e. search and seizure of stored computer data) og hefur það að geyma nokkuð nákvæmar málsmeðferðarreglur um hvernig yfirvöld skuli bera sig að við slíka leit, en líkt og fjallað var um í kafla A.1.b að þá hefur löggjöfnun verið beitt á milli tiltekinni ákvæða sml. frá árinu 2016 þannig að lögregla og ákærvald þurfa að afla dómsúrskurðar til að leita í gögnum geymdum á tölvum. Því þykir rétt að taka til skoðunar hvort ekki sé vænlegra að skýrt sé kveðið á um það í lögum að slík heimild sé til staðar og hvaða málsmeðferðarreglur eigi að gilda um öflun slíkra gagna. Þá fjallar 20. gr. um söfnun samskiptagagna í rauntíma (e. real time collection of traffic data). Í 21. gr. er fjallað um hlerun á innihaldi gagna (e. interception of content data). Í XI. kafla sakamálalaga er að finna málsmeðferðarreglur um símhlustun og önnur sambærileg úrræði. Þau hafa reynst vel en rétt þykir að taka þau jafnframt til endurskoðunar og kanna hvort tilefni sé til að breyta þeim með tilliti til Búdapestsamningsins og þeirra breytinga sem orðið hafa á íslenskum lögum síðan samningurinn var fullgiltur, til að mynda fjarskiptalögum. Í sakamálalögum er til að mynda hvergi skilgreint hvað samskiptagögn eru (e. traffic data) og því gæti það horft til meira réttaröryggis að hafa þessi atriði skýrmerkilega skilgreind í sakamálalögum eða greinargerð þeirra. Þó er vert að taka það fram að ætlunin er ekki að draga úr kröfum eða skilyrðum sem sett eru lögreglu til að afla þessara gagna eða fá þvingunarúrræðin samþykkt fyrir dómi. Þvert á móti er ætlunin að reyna að færa þau skilyrði sem eru til staðar í réttarkerfinu í dag, m.a. með löggjöfnun, inn í sakamálalögin þannig að það sé öllum ljóst hvaða valdheimildir lögreglan hefur til að t.d. leita í gögnum sem geymd eru í tölvum. Einnig stendur til að taka til skoðunar sambærileg ákvæði á Norðurlöndunum og gera samanburð á þeim og hinum íslensku.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Í fyrsta lagi er áformað að endurskoða ákvæði almennra hegningarlaga varðandi upptöku, sbr. VII. kafla laganna, vegna áskilnaðar í tilmælum FATF um jafnvirðisupptöku. Virðist þörf á rýmkun á gildissviði 69. gr. og einkum 69. gr. b., þannig að unnt sé að gera eignir og verðmæti upptæk að jafnvirði þess ávinnings sem liggur fyrir að aflað hafi verið með broti. Virðist nýleg réttarframkvæmd gefa til kynna að áskilið sé að eignir sem gera á upptækar að jafnvirði þurfi að hafa tengingu við þann ávinning sem leiddi af brotum. Til skoðunar kemur m.a. að breyta ákvæðinu þannig að unnt verði að fullnusta upptæka fjármuni í formi fjárkröfu á hendur með þeim eignum sem aðilinn á, óháð uppruna þeirra, ef ekki tekst að nálgast eignir sem tengjast beint hinum ólögum ávinningi sem leiddi af broti. Að sama skapi er m.a. þörf á nýnæli um upptöku ávinnings hjá aðilum sem ekki er til staðar vegna andláts, flóttu eða af öðrum sökum, hvort sem fyrir liggur sakfellingardómur eða ekki. Slík heimild myndi jafnframt gera það að verkum að hægt væri að gera upptæka fjármuni afskráðra þrotabúa ef sýnt er fram á að eignir, sem tryggðar hafa verið fyrir gjaldþrotið séu ávinningur brota eða jafnvirði hans en dómstólar hafa metið það svo að slíkt geti ekki leitt af gildandi lögum.

Í öðru lagi er áformað að endurskoða ákvæði laganna varðandi netbrot en sem fyrr segir er þörf á að bæta við efnisákvæði um það þegar brotist er inn í tölvukerfi, þ.e. þegar tölvukerfi er hakkað. Taka þarf til skoðunar hvort breyta þurfi almennum hegningarlögum til að geta betur mætt þeim skuldbindingum sem 2. og 6. gr. samningsins leggja á aðildarríki hans. Ákvæði 2. gr. Búdapestsamningsins leggur skyldu á aðila samningsins um að setja lagaákvæði og samþykkja

aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert þá háttsemi, að fara inn í tölvukerfi, sem heild eða að hluta þess, án aðgangsréttar, refsinaema samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða. Aðili getur tilskilið að brotið sé framið með því að ganga í berhögg við öryggisráðstafanir, í því skyni að komast yfir tölvugögn eða í öðrum óheiðarlegum tilgangi eða í tengslum við tölvukerfi sem er tengt öðru tölvukerfi. Ákvæði 6. gr. Búdapestsammingsins fjallar um misnotkun búnaðar og kveður m.a. á um að gera það refsivert að framleiða, selja, afla til notkunar, flytja inn, dreifa eða gera aðgengilegan lykilorð, aðgangskóða eða lík gögn sem hægt er að nota til þess að fara inn í tölvukerfi sem heild eða hluta þess til nota í því skyni að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinaem í 2. til 5. gr.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Ekki eru til lagaákvæði í íslenskum lögum til að mæta þeim kröfum sem leiða af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem gerð hefur verið grein fyrir með fullnægjandi hætti.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Með aðild sinni að FATF og Evrópuráðinu hefur Ísland skuldbundið sig til að gangast undir þau alþjóðlegu viðmið sem sett hafa verið á þeim vettvangi. Er það opinber stefna íslenskra stjórnvalda að íslensk löggjöf skuli á hverjum tíma innihalda fullnægjandi varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og uppfylla þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til varna gegn slíkum brotum. Er lögð sérstök áhersla á að framangreint eigi við um heimildir til að fyrirbyggja, rannsaka og saksækja fyrir slík brot. Þá er sérstaklega tekið fram í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf að mikilvægt sé að þátttaka Íslands í alþjóðlegri samvinnu vegna netglæpa sé virk auk þess að öfugu forvarna- og rannsóknarstarfi sé sinnt. Forsenda þess að hægt sé að framfylgja þessu er að lagaumhverfið hér á landi standist alþjóðlegar kröfur, lögreglan hafi þær heimildir sem hún þarf til að geta sinnt starfi sínu með markvissum hætti og að leikreglurnar séu skýrar.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

3. Markmiðið er að tryggja að íslensk löggjöf sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og innihaldi fullnægjandi heimildir fyrir lögbær yfirvöld til að anna hlutverki sínu lögum samkvæmt.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Framangreind löggjöf væri ekki í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Ekki er unnt að fara aðrar leiðir en breyta settum lögum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Að breyta viðeigandi ákvæðum framangreindra laga.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

- **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**

Um breytingafrumvarp verður að ræða sem verður þannig uppsett að breytingum á hverjum lögum fyrir sig verður skipt upp í kafla og ákvæðin sem þarf að breyta verða rakin þar.

- **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ákvæðin sem mun þurfa að breyta eru m.a. eftirfarandi:

- 68. gr. – útvíkka gildissvið

- 69. gr. – útvíkka gildissvið
- 88. gr. – útvíkka gildissvið
- Nýtt ákvæði um öflun fjármálaupplýsingar í þágu rannsóknar sakamáls án dómsúrskurðar
- Nýtt ákvæði um leit í raftækjum og gögnum geymdum á tölvum, sbr. 19. gr. Búdapestsammingsins.
- Nýtt ákvæði um gagnahlustun í rauntíma, sbr. 21. gr. Búdapestsammingsins
- Hugsanlega fleiri breytingar til að uppfylla þær skyldur sem 14.-21. gr. Búdapestsammingsins leggur á aðildarríki sammingsins.

Í öðru lagi eru um að ræða breytingar á almennum hegningarlögum, m.a. eftirfarandi:

- 69. gr. – útvíkka gildissvið
- 69. gr. b – útvíkka gildissvið
- Nýtt ákvæði um upptöku ávinnings hjá aðila sem ekki er til staðar vegna andláts, flóttá eða af öðrum sökum, hvort sem fyrir liggur sakfellingar dómur eða ekki
- Nýtt ákvæði um ólöglegan aðgang, sbr. 2. gr. Búdapestsammingsins
- Nýtt ákvæði um misnotkun búnaðar, sbr. 6. gr. Búdapestsammingsins
- Hugsanlega fleiri breytingar til að uppfylla þær skyldur sem 1. þáttur Búdapestsammingsins leggur á aðildarríki sammingsins.

Í þriðja lagi er lagðar til breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996. Ákvæðið sem mun þurfa að breyta eru m.a. eftirfarandi:

- 8. gr. laganna – skýra hlutaverk héraðssaksóknara enn frekar varðandi endurheimt ávinnings auk mögulegra nýmæla um rannsóknir netglæpa á landsvísu.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Já, tilefni lagabreytinganna er til að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar. Þá verður um að ræða breytingar á þvingunarráðstöfunum laga um meðferð sakamála sem eiga að vera til þess fallnar að auka skýrleika við framkvæmd og bæta réttaröryggi.

2. Varða áformin ákvæði EES-sammingsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvort þörf verði á öðrum lagabreytingum.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Ríkissaksóknari, héraðssaksóknari, lögreglan, Lögmannafélag Íslands, Dómarafélag Íslands, fjármálafyrirtæki, samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Að einhverju leyti kann að vera skörun við málefnasvið háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem það ráðuneyti fer með málefni netöryggis.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Á þessu stigi hefur farið fram samráð við lögreglu og héraðssaksóknara auk rannsóknar- og eftirlitssviðs Skattsins.

4. Fyrirhugað samráð.

Við alla aðila í lið F.1 auk þess sem til stendur að setja áformaskjalið í samráðsgátt.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir viðbótarkostnaði hjá ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að sá tímabundni og varanlegi kostnaðar sem hlýst af breytingu á lögum um sakamál, almennum hegningarlögum og lögreglulögum rúmist innan fjárheimilda málefnaáætlunar 9, almanna- og réttaröryggi í fjármálaáætlun.

H. Næstu skref, innleiðing

- 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**
Er í vinnslu. Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram í nóvember.
- 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**
Það liggur ekki fyrir á þessu stigi.
- 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**
Á ekki við.
- 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.**
Bættur málshraði sakamála og aukin endurheimt ólögmeats ávinnings.
- 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**
Á ekki við.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

- 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.**
- 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.**